



28. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 1. mars 2002

- Dagskrá:**
1. Aflvaki, atvinnumál í Reykjavík
 2. Staða skólamála, fundir um landið
 3. Endurskipun starfsgreinar áðs
 4. Staða frágangs reikninga. Uppsetning skýrslu RSÍ 2001
 5. Styrktarsjóður FÍS
 6. Viðræður við fjármálaráðuneyti vegna líffeyrissjóða. Samningur við Fjármálaráðuneyti, staðfesting
 7. Ferðir á ráðstefnur og þing
 8. Beiðni um styrk vegna gerðar heimildakvikmyndar
 9. Önnur mál

1. Aflvaki, atvinnumál í Reykjavík

Ari Skúlason kynnti starfsemi Aflvaka í Reykjavík. Aflvaki er atvinnuþróunarfyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar og stofnana hennar. Hlutverkið er að stefna saman fulltrúum atvinnulífs og borgarinnar með það í huga að greiða fyrir nýsköpun í atvinnulífi borgarinnar.

2. Staða skólamála, fundir um landið

RSÍ hefur staðið fyrir fundum um allt land þar sem farið er yfir starfsemina og sérstaklega það sem hefur verið að gerast í skólamálunum. Mæting á þessa fundi hefur verið með mjög góð og umræður m álefnalegar, þó stundum hafi verið hvasst spurt þá hafa menn verið ánægðir með svör. Forystan hefur fengið fullan stuðning við þær aðgerðir sem gripið hefur verið til en fundarmenn hafa óskað eftir að fá að fylgjast með þróun mála.

Í framhaldi af þessari umræðu var spurst fyrir um skulda- og veðstöðu eigna RSÍ og félaga innan þess. Í svari Rúnars kom fram að eignastaða RSÍ og félaga þess er góð en veðstaða nálægt því að vera fullnýtt vegna annarra aðila svo sem menntakerfisins og Naglbítanna. Tryggingar fyrir skuldum menntakerfisins liggja hjá endurmenntunarsjóðunum og þar sem tekjur þeirra eru reiknaðar út frá greiddu kaupi, er nánast 100% trygging í þeim. Veðlán til Naglbítanna er líka tryggt þar sem leigutekjur af Stórhöfða 29 koma þar á móti.

Umræðu var vikið að starfsmannamálum RSÍ og spurt hvort rétt væri að starfsmenn væru að hætta vegna ósættis við formann.

Farið var ýtarlega yfir þau mál og kom fram að forsendur uppsagna væru tilkomnar af allt öðrum ástæðum.

3. Endurskipun starfsgreinar áðs

Skipan manna í starfsgreinaráð. Óskað er eftir tilnefningum frá Fræðslumiðstöð rafiðna.

4. Staða frágangs reikninga. Uppsetning skýrslu RSÍ 2001

Rúnar greindi frá því að afstemming reikninga og uppsetning með endurskoðanda er langt komin. Ákveðið var að prenta skýrslu og senda hana til allra félagsmanna

5. Styrktarsjóður FÍS

Kynnt bréf frá Láru V. Júlíusdóttur lögfræðingi til Landssímans hf. þar sem hún gerir þá kröfu að Landssíminn greiði RSÍ lögbundin sjúkra- og orlofsgjöld vegna allra félagsmanna FÍS frá því að fyrirtækið kom út á almennan vinnumarkað árið 1997.

6. Viðræður við fjármálaráðuneyti vegna lífeyrissjóða.

Samningur við Fjármálaráðuneyti, staðfesting.

Samkomulag RSÍ og Fjármálaráðuneytis um vinnutíma lagt fram og staðfest. Farið var yfir mat á mismunandi launakerfum og hvernig þau leiði af sér mismunun eftir því í hvaða stéttarfélagi menn eru, en starfa við það sama hjá ríkisstofnunum.

7. Ferðir á ráðstefnur og þing

Lögð fram áætlun um ráðstefnur og þing sem þarf að sinna og hvernig er áætlað að manna þær.

8. Beiðni um styrk vegna gerðar heimildakvikmyndar

Þorsteinn Jónsson kvikmyndagerðarmaður fór fram á styrk til gerðar heimildarmyndar um menn að störfum við húsbyggingu. Frestað.

7. Önnur mál

Lögð var fram styrkumsókn frá samtökum sykursjúkra.

Rúnar svaraði fyrirspurn um hvað áritun lögg. enduskoðenda á reikningum RSÍ þýddi.

Haukur Ágústsson.